Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1109
komudagur 17.12.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík

www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Til Nefndasviðs skrifstofu Alþingis 13. desember 2012

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaga, þingskjal 510.

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista.

Almennt er stjórn félagsins ánægð með þessa nýju tillögu að stjórnarskrá sem var gerð með mjög lýðræðislegu undirbúnings- og vinnuferli.

Sá kafli frumvarpsins sem helst lítur að sviði Siðmenntar er mannréttindakaflinn.

Þar segir:

„18. gr.
Trú- og sannfæringarfrelsi.
Öllum skal tryggður réttur til trúar, lífsskoðunar og sannfæringar, þ.m.t. rétturinn til að breyta um trú eða sannfæringu og standa utan trúfélaga.
Öllum er frjálst að iðka trú eða lífsskoðun, einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi.

Síðan fyrsta málsgreinin var skrifuð á síðustu öld er komin fram skilgreining á *lífsskoðunarfélögum* til viðbótar við trúfélög. Orðið „lífsskoðun“ kemur þarna fram en við óskum eftir því að einnig standi: „… og standa utan trúfélaga ***eða lífsskoðunarfélaga***“.

Síðan segir:

19. gr.
Kirkjuskipun.
Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Breyta má þessu með lögum.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 2. mgr. og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg."

Úrslit ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrána þann 20. október síðastliðinn kváðu m.a. á um að „Ákvæði um þjóðkirkju" skyldi vera í nýrri stjórnarskrá. 51.1% sögðu já, 10.6% skiluðu auðu og 38.3% sögðu nei, þannig að af þeim sem tóku afstöðu sögðu 57,8% já og 42.2% nei. Það er því ljóst að stór hópur þjóðarinnar er ekki sáttur við þjóðkirkjuskipan þó að meirihluti hafi viljað hafa ákvæði um hana í nýrri stjórnarskrá. Einnig fólu þessi úrslit í sér hvorki leiðbeiningu um eðli ákvæðisins um Þjóðkirkju né að það mætti ekki bæta við texta um önnur trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Í aðdraganda kosningarinnar ítrekaði biskup Þjóðkirkjunnar, Sr. Agnes M. Sigurðardóttir við mörg tækifæri að það væri vilji kirkjunnar að fara „norsku leiðina", þ.e. að í nýrri stjórnarskrá yrði einnig annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga getið á þann hátt að „þau nytu sambærilegra réttinda" á við Þjóðkirkjuna. Það getur vart skoðast á annan veg en að það fólk sem kaus hafi þarna fengið aukna réttlætingu fyrir því að kjósa með þjóðkirkjuákvæði sem það hefði ellegar síður gert. Þá hlýtur það einnig að teljast réttlætismál að þessi 42.2% sem vilja ekki þjóðkirkjuákvæði fái að njóta einhvers við þessar breytingar. Nú eru 23,2% þjóðarinnar skráð utan Þjóðkirkjunnar og það er ekki lengur þjóðfélagsleg stærð sem hægt er að líta fram hjá og því er eðlilegt að breyta stjórnarskránni í þá átt sem biskupinn stakk upp á sjálfur.

Stjórn Siðmenntar leggur því til eftirfarandi viðbót 19. grein (viðbót **breið**- og *skáletruð*):

19. gr.

Kirkjuskipun.

Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. ***Önnur trúfélög og lífsskoðunarfélög skulu njóta sambærilegra réttinda og Þjóðkirkjan í samræmi við stærð þeirra.***

Breyta má þessu með lögum.

Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins skv. 2. mgr. og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg."

Það er stjórn Siðmenntar til efs að þessi viðbót sé í raun „breyting á kirkjuskipan ríkisins skv. 2. mgr.“ því að ekkert er hróflað við stöðu Þjóðkirkjunnar með henni. Það ætti því að vera nóg að breyta þessu með lögum án þjóðaratkvæðagreiðslu. Það yrði auðvitað að skoða lagafræðilega með lögfræðingum.

Stjórn félagsins dregur ekki dul á það að hún vill breyta þessu ákvæði þannig að ekki verði um neina þjóðkirkju að ræða því að slík skipan samræmist ekki lagalegu jafnræði og jafnri meðferð ríkissins á borgurum landsins. Ljóst er þó að núverandi ríkisstjórn telur sig frekar þurfa að fara eftir úrslitum ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál og vilja Þjóðkirkjunnar sjálfrar um að vera áfram forréttindafélag meðal trúfélaga.

Hins vegar, úr því sem komið er, verði farin sú leið sem við leggjum til hér og var tillaga Þjóðkirkjunnar sjálfrar fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna, er mun líklegra að breiðari sátt náist í þjóðfélaginu um skipan þessara mála. Sáttin verður ekki alger en betri og það skyldi maður halda að væri markmið hverrar ríkistjórnar og þjóðar með öll þessi mikilvægu ákvæði sem stjórnarskrá Íslands mun innihalda.

Stjórn Siðmenntar fagnar því að í 24. gr. um Menntun skuli vera ákvæði um að *virða skuli rétt foreldra til að tryggja að menntun barna þeirra sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.*

Við erum tilbúin að koma á fund til að ræða og rökstyðja enn frekar þessa umsögn félagsins hvenær sem er.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Siðmenntar

Hope Knútsson

Hope Knútsson, formaður

sidmennt@sidmennt.is